

Reglugerð um Skíðamót Íslands í alpagreinum

1. Skíðamót Íslands skal fara fram ár hvert nema veður og aðrar ástæður hamli. Mótið skal uppfylla skilyrði um alþjóðleg FIS mót.
2. Þau aðildarfélög er vilja hafa á hendi framkvæmd mótsins skulu senda umsókn til SKÍ fyrir 15.apríl. Umsókninni skal fylgja áætlun um framkvæmd mótsins og aðstöðu keppenda og gesta. Mótsstaður fyrir Skíðamót Íslands skal ákveðinn á Skíðapingi tvö ár fram í tímann. Stjórn SKÍ skal hitta mótshaldara haustið fyrir mót, eigi síðar en 1.október. Fara skal yfir undirbúning, dagskrá og umgjörð.
3. Mótshaldara ber að senda öllum aðildarfélögum SKÍ boð um þátttöku ásamt upplýsingum um framkvæmd mótsins. Auglýsa skal mótið með lágmarks tveggja mánaða fyrirvara. Að öðru leyti skal fara eftir reglugerð um keppnishald SKÍ.
4. Eftirlitsmenn skulu vera skv. reglugerð um eftirlitsmenn og dómara.
5. Í leikskrá og skýrslum mótsins skal tilgreina aðildarfélag sem keppandi keppir fyrir. Til þess að keppni geti farið fram þarf lágmarkspátttaka að vera a.m.k. þrír keppendur í viðkomandi keppnisgrein. Stjórn SKÍ er heimilt að gefa undanþágu frá reglunni.
6. Innheimt eru mótagjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og eru þau ekki afturkræf ef hann er á rásslista.
7. Keppa skal í eftirtöldum greinum:

Alpagreinar

	Karlar og konur	Karlar og konur
Svig	16-17 ára	16 ára og eldri
Stórsvig	16-17 ára	16 ára og eldri
Alpatvíkeppni	16-17 ára	16 ára og eldri
Samhliðasvig		16 ára og eldri

8. Á Skíðamóti Íslands verði krýndir Íslandsmeistarar í öllum flokkum sem listaðir eru upp í grein nr. 7. Veita skal verðlaun fyrir þrjú efstu sætin og skal veita bikar fyrir 1.sætið. Á mótum sem eru alþjóðleg FIS mót skal veita verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í FIS mótinu.
9. Að öðru leyti gilda reglur FIS.

Samþykkt á Skíðapingi 8.nóvember 2020
Breytt á skíðapingi 11. október 2025